

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar Annar fundur skólaráðs		
Dags. fundar 18.10 2013	Tími 8:30-9:50	Staður Skrifstofa skólustjóra, Hjalla	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún Bjarnadóttir	Fj. bls. 2

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Jakob, Guðrún Embla og Birna Særós.
Mættir voru: Allir boðaðir.
Málefni fundar:  <ol style="list-style-type: none"> <li>Nýr grenndarfulltrúi</li> <li>Starfsáætlun skólans</li> <li>Mat á skólastarfi 2012-2013</li> <li>Umbótaáætlun 2013-2014</li> <li>Önnur mál</li> </ol>

Málefni	Niðurstaða
1. Nýr grenndarfulltrúi og fulltrúi í skólaráð.	Nýir fulltrúar í skólaráði kynntir, Ragnar Gíslason er grenndarfulltrúi og Birna Særós fulltrúi nemenda úr 9. bekk.
2. Starfsáætlun skólans.	Fundarmenn voru búnir að kynna sér starfsáætlunina sem er unnin út frá ákveðnum þáttum sem Menntasvið setur upp og skólinn mátar sig við, leiðandi leiðbeiningar. Farið var yfir hvort einhverjar athugasemdir væru við starfsáætlunina frá fundarmönnum. Kom í ljós að páskabingó væri tvíbokað, vinabekkjardagur var ranglega dagsettur. Fyrirspurn kom um vetrarleyfi, tímasetningu og lengd þess en leyfið var ákveðið eftir að könnun var gerð meðal foreldra í Kópavogi og var þetta niðurstaðan að flestir vildu hafa það tvískipt í október og febrúar. Gerð athugasemd við orðalag vegna skipulagningar Dægradvalar og endurskoðar Sigrún það. Starfsáætlun lögð fram til samþykktar og var hún samþykkt og undirrituð af fundarmönnum.
3. Matskýrslan.	Farið yfir hana. Starfsmannakönnun verður gerð hjá Kópavogsbæ í ár en hugmyndin er að hafa foreldra- og starfsmannakannanir til skiptis annað hvert ár. Saman í sátt könnun er gerð á hverju ári um líðan nemenda. Þar er skólinn að koma mjög vel út og hafa niðurstöður batnað með hverju árinu 92.4% barna líður vel í skólanum og 96% foreldra telja að börnunum líði vel. Samkvæmt skólapúlsinum kemur fram að sjálfsmynd barna í 8. bekk er ekki nógu góð og er stefnt að því að fara í ákveðin verkefni til að reyna að bæta úr því og byrja jafnvel í 7. bekk.
4. Umbótaáætlun.	Lögð fram. Niðurstöður úr ytra mati verða sendar á fulltrúa í skólaráði fljótlega.
5. Önnur mál.	Nemendur komu með ábendingu um að það vanti bjöllu eða eitthvað annað til að láta þau vita að tími sé hafinn klukkan 8:30 leitað verður leiða til að bæta úr því. Fyrirspurn um þráðlaust net og hvenær það verði komið í gagn. Þú er að tala við tölvudeildina svo málið er í þeirra höndum en vonast er til að þetta verði komið innan skamms. Nestismál. Nemendum finnst matur hafa hækkað og það vanti upp á vöruúrval og ekki sé alltaf nægilega mikið til. Vilja meiri fjölbreytni á matseðlinum. Talað verður við Konna til að bæta úr þessu.

# Álfhólsskóli

Nemendur vilja að hrósað verði og jafnvel veitt verðlaun fyrir góða umgengni í salnum.

Fyrirspurn hvort möguleiki væri að opna bókasafnið til að hægt væri að læra þar í frímínútum og eyðum. Sigrún ætlar að ræða við Siggerði um það.

Fundi slitið kl 09:50.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 27. nóvember.